

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 6. nóvember 1997

um sérstök skilyrði fyrir innflutningi á fisk- og fiskeldisafurðum upprunnum á Madagaskar

(Texti sem varðar EES)

(97/757/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/493/EBE frá 22. júlí 1991 um hollustuhætti við framleiðslu og markaðssetningu fiskafurða ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 95/71/EB ⁽²⁾, einkum 11. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 90/675/EBE frá 10. desember 1990 um meginreglur um skipulag dýraheilbrigðis-
eftirlits með afurðum sem fluttar eru inn til bandalagsins frá þriðju löndum ⁽³⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 96/43/EB ⁽⁴⁾, einkum 7. mgr. 19. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Sérfræðingur á vegum framkvæmdastjórnarinnar hefur farið í eftirlitsferð til Madagaskar til að sannprófa við hvaða skilyrði fiskafurðir eru framleiddar, geymdar og sendar til bandalagsins.

Í þarlandri löggjöf eru ákvæði um heilbrigðisskoðun og eftirlit með fiskafurðum sem telja má að jafngildi ákvæðum tilskipunar 91/493/EBE.

Á Madagaskar er „Direction des services vétérinaires (DSV) du ministère de l'élevage“ fært um að hafa virkt eftirlit með því að farið sé að gildandi lögum.

Með starfsreglum um útgáfu heilbrigðisvottorða, sem um getur í a-lið 4. mgr. 11. gr. tilskipunar 91/493/EBE, skal ákveða fyrirmynd að vottorði, að minnsta kosti eitt tungumál sem skylt er að semja vottorðið á og stöðu þess sem er falið að undirrita það.

Samkvæmt b-lið 4. mgr. 11. gr. tilskipunar 91/493/EBE skal festa merki á umbúðir fiskafurða þar sem fram kemur heiti þess þriðja lands sem um ræðir og löggildingarnúmer upprunastarfsstöðvar, -kæligeymslu eða -frystiskips.

Samkvæmt c-lið 4. mgr. 11. gr. tilskipunar 91/493/EBE skal taka saman skrá yfir viðurkenndar starfsstöðvar, kæligeymslur eða frystiskip. Við samantekt skrárinnar ber

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 268, 24. 9. 1991, bls. 15.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 332, 30. 12. 1995, bls. 40.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 373, 31. 12. 1990, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 162, 1. 7. 1996, bls. 1.

að byggja á orðsendingu DSV til framkvæmdastjórnarinnar. Því ber DSV að tryggja að farið verði að ákvæðunum sem eru sett í þessu skyni í 4. mgr. 11. gr. tilskipunar 91/493/EBE.

DSV hefur sett opinberar tryggingar fyrir því að reglum í V. kafla viðaukans við tilskipun 91/493/EBE verði hlítt og að kröfum, sem jafngilda þeim sem kveðið er á um í fyrirnefndri tilskipun og gilda um viðurkenningu starfsstöðva, kæligeymslna eða frystiskipa, verði fullnægt.

Nauðsynlegt er að fella úr gildi ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/516/EB frá 1. ágúst 1997 um tiltekna verndarráðstafanir vegna fiskafurða sem eru upprunnar á Madagaskar ⁽⁵⁾.

Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýraheilbrigði.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

„Direction des services vétérinaires (DSV) du ministère de l'élevage“ er það lögbæra yfirvald á Madagaskar sem sannprófar og vottar að fisk- og fiskeldisafurðir séu í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í tilskipun 91/493/EBE.

2. gr.

Fisk- og fiskeldisafurðir frá Madagaskar skulu uppfylla eftirtalin skilyrði:

1. Hverri vörusendingu skal fylgja tölusett frumrit af heilbrigðisvottorði, sem er rétt útfyllt, undirritað og dagsett, á einni pappírsörk í samræmi við fyrirmyndina í viðauka A við þessa ákvörðun.
2. Afurðirnar skulu vera frá viðurkenndum starfsstöðvum sem eru skráðar í viðauka B við þessa ákvörðun.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 214, 6. 8. 1997, bls. 53.

3. Heitið „MADAGASKAR“ skal vera á öllum umbúðum ásamt löggildingarnúmeri upprunastarfsstöðvar, -kæligeymslu eða -frystiskips með óafmáanlegu lettri, nema þegar um er að ræða frystar fiskafurðir í lausri vigt sem nota á til framleiðslu niðursoðinna matvæla.

3. gr.

1. Vottorð sem um getur í 1. tölul. 2. gr. skulu gefin út á að minnsta kosti einu opinberu tungumáli þess aðildarríkis þar sem eftirlitið á sér stað.

2. Á vottorðunum skal vera nafn, staða og undirskrift fulltrúa DSV og opinber stimpill þess yfirvalds í öðrum lit en aðrar upplýsingar á vottorðinu.

4. gr.

Ákvörðun 97/516/EB fellur úr gildi.

5. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 6. nóvember 1997.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Franz FISCHLER

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI A

HEILBRIGÐISVOTTORÐ

fyrir fisk- eða fiskeldisafurðir sem eru upprunnar á Madagaskar og flytja á út til Evrópubandalagsins að undanskildum samlokum (tvískelja lindýrum), skrápdyrum, möttuldýrum og sæsniglum í hvaða mynd sem er

Tilvísunarnúmer:

Sendingarland: MADAGASKAR

Lögbært yfirvald: „Direction des services vétérinaires (DSV)
Ministère de l'élevage“

I. Auðkenni afurðanna

Lýsing fisk-/fiskeldisafurða⁽¹⁾:

— tegund (vísindaheiti):

— ástand afurðar og meðhöndlun⁽²⁾:

Kenninúmer (ef til er):

Tegund umbúða:

Fjöldi pakkninga:

Nettóþyngd:

Tilskilið geymslu- og flutningshitastig:

II. Uppruni afurðanna

Heiti og opinbert löggildingarnúmer starfsstöðvar, kæligeymslu eða frystiskips sem DSV viðurkennir fyrir útflutning til EB:

.....

.....

.....

III. Viðtökustaður afurðanna

Fisk- eða fiskeldisafurðirnar eru sendar⁽¹⁾

frá:

(sendingarstaður)

til:

(viðtökuland og -staður)

með eftirfarandi flutningatæki:

Nafn og heimilisfang sendanda:

.....

Nafn viðtakanda og heimilisfang á viðtökustað:

.....

.....


⁽¹⁾ Strikið út það sem á ekki við.

⁽²⁾ Lifandi, kæld, fryst, söltuð, reykt, niðursoðin o.s.frv.

IV. Heilbrigðisvottun

- Opinber skoðunarmaður vottar eftirfarandi að því er varðar framangreindar fisk- eða fiskeldisafurðir:
1. þær voru veiddar og meðhöndlaðar um borð í skipum í samræmi við heilbrigðisreglurnar sem eru settar í tilskipun 92/48/EBE;
 2. þeim var landað, þær meðhöndlaðar og eftir atvikum pakkað inn, þær forunnar, verkaðar, frystar, þíddar og geymdar með þeim hætti að hreinlætis var gætt í samræmi við kröfur sem mælt er fyrir um í II., III. og IV. kafla viðaukans við tilskipun 91/493/EBE;
 3. þær hafa staðist heilbrigðiseftirlit í samræmi við ákvæði V. kafla viðaukans við tilskipun 91/493/EBE;
 4. þeim hefur verið pakkað og þær merktar, geymdar og fluttar í samræmi við ákvæði VI., VII. og VIII. kafla viðaukans við tilskipun 91/493/EBE;
 5. þær eru ekki af eitruðum tegundum eða tegundum sem innihalda lífeitur;
 6. þær uppfylla ákvæði um skynmat og sníklafræðileg, efnafræðileg og örverufræðileg ákvæði sem hafa verið sett um tiltekna flokka fiskafurða í tilskipun 91/493/EBE og framkvæmdar ákvörðunum hennar.
- Undirritaður opinber eftirlitsmaður lýsir því hér með yfir að honum er kunnugt um ákvæði tilskipunar 91/493/EBE, tilskipunar 92/48/EBE og ákvörðunar 97/757/EB.

Gjört í, hinn
(staður) (dagsetning)



.....
Undirskrift opinbers skoðunarmanns⁽¹⁾

.....
(nafn með hástöfum, staða og hæfi)

⁽¹⁾ Undirskrift og stimpill skulu vera í öðrum lit en annar texti vottorðsins.

VIDAUKI B

I. Skrá yfir viðurkenndar starfsstöðvar

Númer	Heiti	Heimilisfang	Viðurkennd til
MAD 111 SV	Pêche et froid de l'océan Indien	Antsiranana	1. 10. 1998
MAD 101 SV	Pêcherie de Nosy Be	Nosy Be	1. 10. 1998
MAD 107 SV	Réfrigépeche Ouest	Mahajanga	1. 10. 1998
MAD 126 SV	Aqualma	Mahajamba	1. 10. 1998
MAD 151 SV	Pêcherie du Menabe	Morondava	1. 10. 1998
MAD 104 SV	Le Martin-pêcheur	Taolagnaro	1. 10. 1998

II. Skrá yfir kæligeymslur

Númer	Heiti	Heimilisfang	Viðurkennd til
MAD EF 03	Aquamen	Tamatave	1. 10. 1998
MAD EF 04	Refrigepeche Est	Tamatave	1. 10. 1998

III. Skrá yfir frystiskip

Númer	Heiti	Heimilisfang	Viðurkennd til
MAD 52-01 SV	Aquamen I	Aquamen	1. 10. 1998
MAD 52-02 SV	Aquamen V	Aquamen	1. 10. 1998
MAD 52-03 SV	Aquamen VI	Aquamen	1. 10. 1998
MAD 52-04 SV	Aquamen XI	Aquamen	1. 10. 1998
MAD 52-05 SV	Aquamen II	Aquamen	1. 10. 1998
MAD 52-06 SV	Aquamen III	Aquamen	1. 10. 1998
MAD 52-07 SV	Aquamen IV	Aquamen	1. 10. 1998
MAD 52-08 SV	Aquamen VII	Aquamen	1. 10. 1998
MAD 06-01 SV	Rantabe	Réfrigepeche Est	1. 10. 1998
MAD 06-02 SV	Mangoro	Réfrigepeche Est	1. 10. 1998
MAD 06-03 SV	Fanantara	Réfrigepeche Est	1. 10. 1998
MAD 06-04 SV	Rianila	Réfrigepeche Est	1. 10. 1998
MAD 07-01 SV	Cap St-Augustin	Réfrigepeche Ouest	1. 10. 1998
MAD 07-02 SV	Cap St-Vincent	Réfrigepeche Ouest	1. 10. 1998
MAD 07-03 SV	Cap St-Sébastien	Réfrigepeche Ouest	1. 10. 1998
MAD 07-04 SV	Cap St-André	Réfrigepeche Ouest	1. 10. 1998
MAD 07-05 SV	Cap Ste-Marie	Réfrigepeche Ouest	1. 10. 1998
MAD 07-21 SV	Baie d' Ambaro	Crustapeche	1. 10. 1998
MAD 07-22 SV	Baie de Boina	Crustapeche	1. 10. 1998
MAD 51-01 SV	Melaky 1	Pêcherie de Menabe	1. 10. 1998
MAD 51-02 SV	Melaky 2	Pêcherie de Menabe	1. 10. 1998
MAD 51-03 SV	Melaky 3	Pêcherie de Menabe	1. 10. 1998